



AÐFARAORÐ FORSTÖÐUMANNNS

Árið 2021 var langa árið í COVID-19, árið sem faraldurinn fylgdi okkur frá upphafi árs og allt til enda. Starfsfólk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vandist á að lifa með síbreytilegum sóttvarnarreglum og halda starfseminni og þjónustu við almenning gangandi þrátt fyrir lokanir og tafir. Ársskýrslan sýnir vel þá grósku sem var á öllum sviðum stofnunarinnar og er ég afar stolt af þeirri þrautseigju, bjartsýni og seiglu sem birtist í starfinu á hverjum degi.

Margar vörður voru reistar á árinu sem auðvelda okkur að tala, skrifa, túlka og skilja íslenska tungu. Blöndals-orðabókin var endurborin í stafrænni gerð sem leyfir margvíslega leit, nýjar rannsóknir á orðaforðanum og fjölbreytta notkun. Íslensk-frönsk veforðabók var opnuð, en hún var unnin í samstarfi við Vigdísarstofnun. Ný vefsíða íslenskrar rétttritunar með margbreytilegum fróðleik og hjálparefni var birt í október, og á degi íslenskrar tungu var opnuð ný endurbætt og stóraukin gerð Málsins (málið.is) sem fagnaði auk þess fimm ára afmæli. Nú er hægt að leita í nitján gagnasöfnum í stað sjö áður.

Á Árnastofnun er ávallt lagt mikið upp úr að skapa örvandi og frjótt rannsóknarumhverfi og taka vel á móti gestum. Rannsóknarbókasafn og gögn stofnunarinnar laða að sér stúdenta og fræðimenn sem fá aðstöðu á stofnuninni til rannsóknarstarfa og gestir koma langt að til lengri eða skemmri rannsóknardvalar.

Í apríl héldu Íslendingar upp á að fimmtíu ár voru liðin frá því að fyrstu tvö handritin, Konungsbók eddukvæða og Flateyjarbók, komu til Íslands með herskipinu Vædderen. Eins og kemur fram í skýrslunni einsetti stofnunin sér að vekja athygli á þessum merku tíma-mótum með því að færa handritin til barnanna með margvíslegu móti. Á sjálfan handritadaginn 21. apríl var síðan efnt til dagskrár um handritin í Hörpu sem var streymt inn í skóla um allt land.




Síðasta vetrardag, á fimmtíu ára afmæli handrita-komunnar, lögðu Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmála-ráðherra, hornstein að Húsi íslenskunnar. Af því tilefni flutti Bergsveinn Birgisson frumort kvæði sem hann kallaði Við hornstein að Húsi íslenskunnar og hófst með orðunum:

*Þjúgrend, hvelfd og kúpt er kringlan unga,
kringlótt er byggingin hvað sem hún skal heita.*

Brátt fyllist hin nýja bygging lífi og fær eigið nafn. Bylting mun verða í starfsemi stofnunarinnar þegar flutt verður á nýjan stað – en ekki síður í aðgengi almennings að handritum og öðrum gögnum hennar. Húsið mun ekki aðeins hýsa Árnastofnun og íslenskudeild Háskóla Íslands heldur verða hús allra þeirra, hér heima og erlendis, sem láta sig tungumálið og íslenska menningu varða.

Guðrún Nordal forstöðumaður

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

Stjórn 2021

Í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru Dagný Jónsdóttir formaður, Sigrún Magnúsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Guðrún Dröfn Whitehead og Torfi Tulinius. Þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

Starfsfólk 2021

Á árinu voru 48 fastráðnir starfsmenn við stofnunina og verkefnaráðnir starfsmenn með tímabundna ráðningu voru 34 talsins. Þórður Ingi Guðjónsson, ritstjóri Íslenzkra fornrita, er í nánum tengslum við stofnunina og hefur þar fasta vinnuaðstöðu. Fjölmarginir fræðimenn nýta sér rannsóknaraðstöðu stofnunarinnar. Á árinu voru

samtals 25 gestafræðimenn og fyrrverandi starfsmenn með fasta eða tímabundna aðstöðu. Ónefndir eru þá 12 doktorsnemar sem höfðu vinnuaðstöðu í Árnagarði eða á Laugavegi 13. Níu nýir starfsmenn komu til starfa á árinu 2021.

Húsnæðismál 2021

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fer fram á þremur stöðum í og við miðborg Reykjavíkur. Í Árnagarði við Suðurgötu, á Laugavegi 13 (2., 4. og 5. hæð) og í Þingholtsstræti 29. Stofnunin hefur einnig umsjón með gestaíbúð í Þingholtsstræti 29 sem erlendir fræðimenn, sem koma til landsins til að stunda rannsóknir, geta dvalið í.

APRILIS

APRÍL

21. apríl 1971

komu fyrstu handritin aftur til landsins frá Kaupmannahöfn, Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða. Þau voru flutt hingað heim með dönsku herskipi, Vædderen, og fjölmenni fagnaði við Reykjavíkurhöfn af því tilefni.

Flateyjarbók er stærsta íslenska handritið, fallega skreytt myndum. Í Konungsbók eddukvæða er Völuspá og mörg kvæði um norrænu goðin, t.d. þrumuguðinn Þór.



Krakkar fengu fri frá skólanum þegar handritin komu heim. Það er hálf öld síðan!

> Þarf ekki að halda upp á það og hafa bara alltaf fri 21. apríl?

Vin sinō spyr vīr vā

„Vin sinum skal maður vinur vera“.

(Úr Hávamálum)

HANDRITIN TIL BARNANNA

Handritin til barnanna er heiti verkefnis sem sett var á fót til að fagna því að 21. apríl 2021 voru fimmtíu ár liðin frá því að fyrstu handritin komu til Íslands frá Danmörku í samræmi við ákvörðun danska þjóðþingsins um að skipta Árnasafni milli Íslands og Danmerkur. Þessum tímamótum var fagnað með margvíslegum hætti skólaárið 2020–2021.

Allir grunnskólar landsins fengu sent handrita-dagatal í upphafi haustannar þar sem vakinn var athygli á merkjum atburðum í handrita- og bókmenntasögunni. Skólastjórnendur voru hvattir til að hengja dagatalið upp á áberandi stað í skólunum svo að nemendur gætu skoðað myndir af handritunum og lesið sér til um þau. Kennarar fengu einnig aðgang að rafrænni kennslustund um gerð og efni handritanna sem Kristjana Friðbjörnsdóttir setti saman. Síðla árs 2020 leit vefurinn krakkar.arnastofnun.is dagsins ljós sem hannaður var af vefstofunni Kolofon.

Um haustið hófust skólaheimsóknir tveggja fræðara. Snorri Músson, íslenskunemi við Háskóla Íslands, og Jakob Birgisson uppistandari heimsóttu nemendur á miðstigi í fjörutíu og fjórum grunnskólum á Austurlandi, Norðurlandi og Suðurlandi auk nokkurra skóla á höfuðborgarsvæðinu. Í forgang voru settir skólar þar sem hæst hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku stundaði nám. Fræðararnir kynntu miðaldahandritin, efni þeirra og bókagerð. Í tengslum við skólaheimsóknirnar voru tvisvar höfð opin hús, í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Þar gátu gestir á öllum aldri prófað að skrifa með fjöðurstaf og bleki á kálfskinn og kynnst annarri starfsemi Árnastofnunar, svo sem Orðanetinu og kennslu í íslensku sem öðru máli.

Þegar heimsóknum lauk á vormisseri tók við handritasamkeppni meðal grunnskólabarna. Börnin höfðu frjálssar hendur en skilyrði var að einhver hluti handritsins væri handunninn. Þátttakan var framfarvön. Áttatíu börn á grunnskólaaldri sendu inn handrit. Sérstök dómnefnd sem skipuð var Gísla Sigurðssyni, rannsóknarprófessor við Árnastofnun, Guðmundi Oddi Magnússyni, prófessor við Listaháskóla Íslands, og Arndísi Þórarinsdóttur rithöfundu valdi þrettán handrit í úrslitakeppnina.





Viðtöl við handritshöfundana ungu birtust á samfélagsmiðlum þar sem þeir sögðu frá vinnu sinni við gerð handritsins. Bergþóra Hildur Andradóttir bar sigur úr bítum og tók á móti verðlaunum á Sögum – verðlaunahátíð barnanna sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu í byrjun júní 2021.

Samstarf við ýmsa listamenn hófst síðla árs 2020 þar sem til stóð að halda glæsilega afmælisdagskrá í Hörpu 21. apríl 2021. Vegna samkomutakmarkana í COVID-19-faraldrinum varð að endurhugsa þann viðburð. Ákveðið var að gera sjónvarpsþátt í samstarfi við framleiðslufyrirtæki Gulla Magga og RÚV ohf. fyrir grunnskólabörn sem var sendur út á skólatíma þennan dag. Grunnhugmyndin var að vekja athygli ungu kynslóðarinnar á handritaafinum en þó sérstaklega Konungsbók eddukvæða og fjársjóði hennar. Ólafur Egill Egilsson leikstýrði hópnunum en í burðarhlutverki sem sögumaður var Steiney Skúladóttir. Tónlistarkonan Gugusar frumsamdi lag við brot úr texta Völuspár og lauk útsendingunni á flutningi þess.

Bók Arndísar Þórarinsdóttur *Bál tímans – Örlagasaga Möðruvallabókar í sjö hundruð ár* kom út 21. apríl 2021 hjá Forlaginu. Bókin var afhent þeim sem hlutu verðlaun í handritasamkeppni ungmenna og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna síðar á árinu.

Sama dag og bók Arndísar kom út mátti sjá auglýsingaskilti viðs vegar um höfuðborgarsvæðið með mynd frá stóru stundinni þegar Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða voru afhentar á hafnarbakkanum í Reykjavík fimmtíu árum áður.

Að verkefninu Handritin til barnanna kom fjöldi starfsmanna Árnastofnunar. Verkefnið var styrkt af Barnamenningarsjóði, Þróunarsjóði námsmanna og ríkisstjórn Íslands. Verkefnisstjóri var Eva María Jónsdóttir.



VIÐBURÐIR 2021

FEBRÚAR



19. febrúar. Stafræn gerð Íslensk-danskrar orðabókar eftir Sigfús Blöndal var opnuð við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöllu og hún þar með aðgengileg á vefnum.

APRÍL

14.–16. apríl. Ráðstefnan Care and conservation of manuscripts var haldin í átjándan sinn, að þessu sinni rafrænt.



21. apríl. Fimmtíu ár liðin frá heimkomu fyrstu handritanna. Hátíðardagskrá var haldin í Hörpu í tilefni dagsins.



21. apríl. Hornsteinn lagður að Húsi íslenskunnar.

MAÍ



26. maí. Aldarminning: Ráðstefna haldin til heiðurs Hermann Pálssyni.

JÚNÍ

7. júní–1. júlí. Nordkurs-sumarnámskeið í íslensku fyrir norræna nemendur.

16. júní. Lexía, ný íslensk-frönsk veforðabók, var opnuð með viðhöfn í Veröld – húsi Vigdísar af Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands.

30. júní. Tuttugasta og þriðja hefti tímaritsins *Orð og tunga* kom út í ritstjórn Helgu Hilmisdóttur.



BLEKNÁMSKEIÐ

Dagana 30. ágúst til 3. september dvöldust hér á landi á vegum stofnunarinnar þrír sérfræðingar í litarefnum í handritum, þau Cheryl Porter forvörður, sem þekkt er af störfum sínum við bókasafnið í Montefiascone á Ítalíu, og efnafræðingarnir Maurizio Aceto og Angelo Agostino sem báðir starfa við háskóla í Piemonte. Koma þeirra var liður í verkefninu Viðgerð Flateyjarbókar, sem er sérstaklega styrkt af ríkisstjórn Íslands, og tilgangurinn sá að gera rannsóknir sem leitt gætu í ljós hvaða litarefni hefðu verið notuð til að gera hinar mörgu og fögru lýsingar í Flateyjarbók.

Með nákvæmri litrófsmælingu (FORS og XRF) greindu Aceto og Agostino litarefnin sem er að finna í völdum lýsingum í Flateyjarbók og sjö öðrum handritum sem talin eru hafa verið skrifuð og lýst á Þingeyrum. Í myndum Flateyjarbókar reyndust meðal annars vera

litarefnin asúrítt, sinnóber, indigó, rautt okkur og spanskgræna. Þeir félagar litrófsgreindu einnig lýsingar í handritum frá Helgafelli en á stofnuninni er um þessar mundir unnið að sérstakri rannsókn á bókagerð klaustursins þar.

Porter hélt tveggja daga vinnustofu með starfsfólki stofnunarinnar þar sem hún fjallaði um uppruna litarefna úr jurta-, steina- og dýraríkinu, notkun bindiefna og aðferðir við málun á bókfell. Óhætt er að segja að vinnustofan hafi opnað þátttakendum nýja sýn á myndlýsingar handrita og verslunarleiðir litarefna á miðöldum. Almennungi gafst einnig kostur á fræðslu um þessi efni því Porter hélt fyrirlestur í Veröld – húsi Vigdísar 31. ágúst og þeir Aceto og Agostino fylgdu í kjölfarið með fyrirlestrum á sama stað 2. september.

JÚLÍ

5. júlí. Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku. Boðið var upp á námskeið í staðnámi og fjarnámi.

20.–21. júlí. Málþing haldið um íslenskukennslu í heiminum á tímum COVID-19-faraldursins.

ÁGÚST



10. ágúst. Gjöf frá Minnesota. Ann McKinley frá Minnesota heimsótti Árnastofnun og færði stofnuninni að gjöf rímnahandrit fyrir hönd Greg Guðbjartsson bróður síns.



30. ágúst–2. september. Námskeið og fyrirlestrar um blek og litarefni. Cheryl Porter forvörður og Angelo Agostino og Maurizio Aceto efnafræðingar fluttu erindi.

SEPTEMBER

14. september. Sigurðar Nordals fyrirlestur. Dagný Kristjándóttir flutti fyrirlestur sem bar yfirskriftina Frásagnir og læknisfræði: Samstarf bókmennta og heilsugæslu.

15. september. Landsátakinu *Hvar er?* var hrundið af stað í tilefni af degi íslenskrar náttúru í samstarfi við Landmælingar Íslands.

16. september. Málheimur og tungutak unglinga – Málþing um nýjar rannsóknir á íslensku unglingamáli. Málþingið var haldið á Akureyri.

18. september. Handritasmiðja í Bókasafni Mosfellsbæjar. Skólabörn voru sérstaklega velkomin og bauðst að spreyta sig á að skrifa með fjaðurpenna og bleki á bókfell eins og tíðkaðist við ritun fornu skinnhandritanna.



30. september. Málræktarþing Íslenskrar málnefndar um íslenskukennslu á 21. öld.

OKTÓBER



27. október. Vesturíslenska ritið Leifur afhent Árnastofnun. Í tilefni af aldarafmæli Óskars Halldórssonar bókmenntafræðings afhentu afkomendur hans Árnastofnun heildarútgáfu vesturíslenska blaðsins Leifs í fallegu bandi, stofnuninni til eignar og varðveislu.

27. október. Málþing í minningu Óskars Halldórssonar. Þess var minnst að öld var liðin frá fæðingu hans.

28. október. Nýtt rit um stafsetningu, *Íslensk réttiritun*, eftir Jóhannes B. Sigtryggsson var gefið út sem vefsíða á slóðinni rettritun.arnastofnun.is.

NÓVEMBER

13. nóvember. Árna Magnússonar fyrirlestur. Már Jónsson sagnfræðingur hélt erindi sem bar yfirskriftina Árni Magnússon. Þriggja alda minning og framtíðarsýn.




16. nóvember. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í 26. sinn. Arnaldur Indriðason rithöfundur hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar að þessu sinni.



16. nóvember. Málið.is fimm ára. Afmælimálþing í Þjóðminjasafni Íslands. Nýjar uppfærslur á vefnum voru kynntar og íslenskukennarar í Menntaskólanum við Hamrahlíð sögðu frá kennsluaðferðum sínum tengdum vefgáttinni.

25. nóvember. *Reykjaholt Revisited. Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendinga saga* eftir Úlfar Bragason kom út.

DESEMBER



2. desember. *SwiSca 7: Alþjóðlegt málþing um blótsyrði og bannorð.* Á málþingum *SwiSca* hittast fræðimenn til að ræða blótsyrði og bannorð frá ýmsum sjónarhornum. Að þessu sinni var málþingið skipulagt af Árnastofnun.

2. desember. *Gripla XXXII* í ritstjórn Annette Lassen og Gisla Sigurðssonar kom út.



15. desember. Súðbyrtir bátar komust á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Vefurinn lifandihefdir.is þjónar hlutverki yfirlitsskrár yfir óáþreifanlegan menningararf á Íslandi. Vefurinn er í umsjón Árnastofnunar og þar má lesa nánar um súðbyrðinga.

23. desember. *Greinasafnið A World in Fragments – Studies on the Encyclopedic Manuscript GKS 1812 4to* kom út. Aðalritstjóri bókarinnar er Gunnar Harðarson en með honum unnu Christian Etheridge, Guðrún Nordal og Svanhildur Óskarsdóttir. Umsjónarmaður af hálfu stofnunarinnar var Emily Lethbridge.

ORÐ ÁRSINS 2021 ER „BÓLUSETNING“.

STARFSMENN 2021



Aðalsteinn Hákonarson



Annette Lassen



Antonio Costanzo



Ari Páll Kristinsson



Ágústa Þorbergsdóttir



Ásta Svavarsdóttir



Beeke Stegmann



Birna Lárusdóttir



Branislav Bédi



Dale John Kedwards



Einar Haraldsson



Einar Freyr Sigurðsson



Eiríkur Rögnvaldsson



Ellert Þór Jóhannsson



Elizabeth Walgenbach



Emily Lethbridge



Eva María Jónsdóttir




Gísli Sigurðsson



Guðný Ragnarsdóttir



Guðrún Nordal



Guðvarður Már
Gunnlaugsson



Halldóra Jónsdóttir



Haukur Þorgeirsson



Helga Sveindís Helgadóttir



Helga Hilmisdóttir



Hjalti Snær Egísson



Ingibjörg Þórisdóttir



Jóhann Kristján
Konráðsson



Jóhannes B. Sigtryggsson



Margrét Eggertsdóttir



Rakel Pálsdóttir



Rebecca Andreasdóttir
Kjærgaard



Rósa Þorsteinsdóttir



Samúel Þórisson



Sigrún Kristjánsdóttir



Sigurborg K. Stefánsdóttir



Sigurður Stefán Jónsson



Sólmundur Már Jónsson




Starkaður Barkarson



Steinunn Aradóttir



Steinþór Steingrímsson



Svanhildur María
Gunnarsdóttir



Svanhildur Öskarsdóttir



Trausti Dagsson



Vasare Rastonis



Þórdís Edda Jóhannesdóttir



Þórdís Úlfarsdóttir



Þórunn Sigurðardóttir



ORÐABÓK BLÖNDALS

Stafræn gerð orðabókar Sigfúsar Blöndals

Stafræn gerð Íslensk-danskrar orðabókar eftir Sigfús Blöndal var opnuð við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöðdu 19. febrúar, fimm árum eftir að vinna við stafrænu útgáfuna hófst. Í tilefni af útgáfunni var 100 ára afmælis orðabókarinnar einnig minnst með sýningu í Þjóðarbókhöðdu.

Aðdragandi verksins var sá að árið 2016 ákvað stjórn Íslensks-dansks orðabókarsjóðs að orðabókin yrði ekki prentuð á ný. Í kjölfarið var gerður samningur við Árnastofnun um undirbúningsverkefni fyrir stafræna útgáfu verksins.

Í nóvember 2017 gerði sjóðsstjórn og Árnastofnun svo með sér samkomulag um að verkið yrði unnið á 30 mannmánuðum og myndi sjóðurinn greiða laun stúdenta sem til verksins yrðu ráðnir. Er skemmst frá því að segja að vinnan tók lengri tíma en ráð var fyrir gert í fyrstu en henni var að mestu lokið í september 2020. Stjórn sjóðsins skipa Guðrún Kvaran (formaður), Hrefna Arnalds, Jón Friðjónsson og Vésteinn Ólason.

Háskólanemarnir sem voru ráðnir við verkefnið eru Árni Davíð Magnússon, Ása Bergný Tómasdóttir, Bolli Magnússon, Finnur Ágúst Ingimundarson, Kristján Friðbjörn Sigurðsson, Oddur Snorrason og Salome Lilja Sigurðardóttir.

Íslensk-dönsk orðabók kom upphaflega út á árunum 1920–1924 og er lykilverk í útgáfusögu íslenskra orðabóka. Orðabókin er yfir þúsund blaðsíður sem hafa allar verið ljóslesnar, yfirfarnar og textinn gerður leitabær. Hver og ein orðabókarfærsla var mörkuð eftir sviðum, sem gefur kost á því að leita í orðabókinni með nýjum hætti, t.d. eftir landshlutum, málsmiði eða í orðabókartextanum. Þetta býður upp á nýja möguleika í rannsóknum á efni

orðabókarinnar. Árið 1963 var gefinn út viðbætur við orðabókina og var honum einnig komið á stafrænt form.

Á heimasíðunni er hægt að fletta upp í orðabókinni og er hún jafnframt vettvangur fyrir fróðleik um orðabókina og höfunda hennar. Formálinn, sem upphaflega er skrifaður á dönsku, birtist þar í íslenskri þýðingu ásamt greinum úr þemahefti *Orðs og tungu* frá árinu 1997, sem og fleiri greinum.

Verkefnisstjórn skipuðu Halldóra Jónsdóttir (formaður), Steinþór Steingrímsson og Þórdís Úlfarsdóttir. Verka-skiptingin var á þá leið að Halldóra sá um starfsmanna-mál, fjármál og samskipti við sjóðsstjórnina, Steinþór annaðist tæknivinnslu og Þórdís var umsjónarmaður texta og mynda á heimasíðunni. Trausti Dagsson sá um að búa til notendaviðmót fyrir orðabókina.

Háskólanemarnir sýndu mikinn dugnað og vinnusemi við verkefnið ásamt ósviknum áhuga á því mikla starfi sem Sigfús Blöndal og samverkamenn hans inntu af hendi. Góður andi ríkti í hópnum og farin var fræðsluferð starfsmanna verkefnisins til Kaupmannahafnar á slóðir Sigfúsar og Bjargar Blöndals í september 2019. Þar var farið í heimsókn á Konunglega bókasafnið, Norrænudeild Kaupmannahafnarháskóla og Fornmálsorðabókina. Einnig var tekið hús á sendiherra Íslands á Norðuratlantshafs-bryggju og loks héldu Halldóra og Árni Davíð fyrirlestur um verkefnið fyrir félagsmenn Dansk-íslensk Samfund í Jónshúsi. Auk þess var farið í „pílagrímsferð“ að húsunum við Amagerbrogade þar sem Björg og Sigfús bjuggu. Segja má að ferðin á Hafnar-slóð hafi verið námsferð fyrir nýja kynslóð til að kynnst lífi og starfi Íslendinga þar fyrir hundrað árum, sem er að sjálfsögðu mikilvægt veganesti fyrir íslenskufraðinga inn í framtíðina.

ÚTGÁFUR ÁRSINS 2021



Gripla XXXII í ritstjórn Annette Lassen og Gisla Sigurðssonar. Ein grein tímaritsins sætir sérstökum tíðindum en þar segir frá íslenskum tvíblöðungi á skinni sem Bjarni Gunnar Ásgeirsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands, fann nýlega í British Library innan um handrit úr bókasafni hertogans af Buckingham og Chandos í Stowe House á fyrri hluta 19. aldar.

Íslensk réttiritun er nýtt rit eftir Jóhannes B. Sigtryggsson sem er gefið út sem vefsíða á slóðinni rettiritun.is. Grunnur þess er ritreglur Íslenskrar málnefndar (ritreglur.arnastofnun.is) sem eru opinberar réttiritunarreglur hér á landi. Ritið er hugsað sem stuðnings- og itarefni við þær og er fjallað í því um sem flest hugsanleg vafaatriði í stafsetningu.

Orð og tunga 23 í ritstjórn Helgu Hilmisdóttur. Að þessu sinni var kallað sérstaklega eftir greinum sem lúta að tilbrigðum í íslensku. Tvær greinar bárust sem falla að meginþemanu en einnig birtust í ritinu greinar um orðmyndun og iðorðastarf.

Mynd á forsiðu er eftir Braga Guðmundsson tekin 21. apríl 1971 þegar fyrstu handritin komu til landsins samkvæmt samningi við Dani. Aðrar myndir tók Sigurður Stefán Jónsson, ljósmyndari á Arnastofnun, nema á bls. 5: neðri mynd

Önnur útgáfa *Íðorðasafns í alþjóðastjórnunum og stjórnmálafræði* kom út í lok árs og er það um það bil tvöfalt stærra að umfangi en fyrri útgáfa sem kom út árið 2011. Ritstjórar orðasafnsins eru Ágústa Þorbergsdóttir, Salka Guðmundsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir.

Reykjaholt Revisited. Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendinga saga eftir Úlfar Bragason. Bókin fjallar um mynd þá sem Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar dregur upp af Snorra Sturlusyni, um viðhorf og aðferðir sagnaritarans og textasamfélag hans.

A World in Fragments – Studies on the Encyclopedic Manuscript GKS 1812 4to. Ritið geymir þrettán greinar sem allar snúast um alfræðihandritið GKS 1812 4to og það fjölbreytta efni sem það hefur að geyma, svo sem stjórnufræði, reikningslist, kort, tímatafsfræði og latínuglósur. Aðalritstjóri bókarinnar er Gunnar Harðarson en með honum unnu Christian Etheridge, Guðrún Nordal og Svanhildur Óskarsdóttir. Umsjónarmaður af hálfu stofnunarinnar var Emily Lethbridge.

t.h. Gisli Sigurðsson og á bls. 8: efri mynd t.h. Minna Hjort og neðri mynd t.h. Anita Elefsen. Ritstjóri: Ingibjörg Þórisdóttir. Prófkalestur: Svanhildur María Gunnarsdóttir. Hönnun og umbrot: Hunang-Sigrún. Prentun: Svansprent.

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Skrifstofa Árnagarði við Suðurgötu · 102 Reykjavík · sími 525 4010
arnastofnun@arnastofnun.is · www.arnastofnun.is

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum